

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kvennaklefa Sundhallar Reykjavíkur

Tillaga Flokks fólksins að gamli kvennaklefinn í Sundhöll Reykjavíkur sem nú hefur verið gerður upp standi konum sem sækja Sundhöllina til boða allan opnunartímæ Sundhallarinnar eins og rým leyfir en ekki aðeins hálfan daginn.

Flokkur fólksins barðist allt síðasta kjörtímabili fyrir því að konur fengju, eins og karlar, aftur gamla búningsklefann sinn í aðalbyggingu Sundhallar Reykjavíkur að endurgerð lokinni. Rík áhersla var lögð á þetta ekki síst vegna þess að óvenju langur spölur utandyra er frá hinum nýju klefum og út í laug. Konur og stúlkum í skólasundi hefur verið gert að ganga þennan veg í hvaða veðri sem er í blautum sundfötum. Þessari kröfu Flokks fólksins í formi tillögvar hafnað. Undir lok síðasta kjörtímabilæftir að málið hafði verið ítrekað reifað og um það skrifað í fjölmiðlumvar opnað fyrir aðgang að búningsklefum kvenna en aðeins hálfan daginn. Þetta nær engri átt þær konur sem óska eftir að nota gömlu endurgerðu búningsklefana eiga að hafa aðgang að honum þann tíma sem Sundhöll Reykjavíkur er opin. Annað er mismunum og ósanngirni. Körlum var aldrei úthýst úr gömlu búningsklefunum og hafa aldrei þurft að berjast fyrir neinu sambærilegu og þessu. Flokkur fólksins telur að hér sé verið að mismuna kynjum